

**Fræðsluferð**

**Skógræktarfélag Íslands til  
Bretaníu og Normandí**

**28. september til 6. október 2024**

***Skógar, garðar og tengsl við franska  
sjómenn í Vestur-Frakklandi***



# Ferðalýsing

## Laugardagur 28. september | Farið til Frakklands

Brottför frá Keflavík flug FI 542 kl. 7:40. Mæting í Leifsstöð í síðasta lagi 2 klst. fyrir brottför. Lending á Charles de Gaulle flugvelli í París kl. 13:05 að staðartíma. Haldið út í rútu og ekið af stað. Fljótlega eftir brottför verður stoppað til að kaupa nesti. Ekið til Étretat, þar sem gist verður næstu nætur á Hotel Dormy House<sup>3\*</sup>. Sameiginlegur kvöldverður (innifalinn).



<https://www.dormy-house.com/>

<https://en.normandie-tourisme.fr/unmissable-sites/etretat/>

<https://www.le-petit-train-etretat.com/>

<https://www.lehavre-etretat-tourisme.com/en/things-to-see-and-do/what-to-do-when-it-rains>

## Sunnudagur 29. september | Normönnnsk náttúra í Étretat

Dagur í Étretat, sem er fallegur strandbær. Við heimsækjum Les Jardins d'Étretat garðinn, sem er nútímagarður í 20. aldar stíl sem sameinar garðyrkju, listir og arkitektúr. Hópnum verður skipt í þrjú



tímaholl fyrir heimsókn í garðinn, kl. 10:30, 13 og 14. Til að komast í garðinn er annað hvort gengið frá miðbænum (ca. 30 mínútur frá hótelinu) eða tekin lítil lest sem fer reglulega á milli (á hálf tíma fresti frá ráðhúsinu).

Frjáls tími er eftir heimsóknina til að skoða bæinn og náttúruna í kring. Étretat er viðkomustaður á GE21 gönguleiðinni eftir strandlengju Normandí. Bærinn er frægur fyrir alabastur kletta og strönd, sem hefur verið innblástur margra impressjónista-listmálara. Falleg gönguleið er meðfram klettunum og ströndinni. Bærinn er einnig sögusvið bóka um herramanninn og innbrotsþjófinn Arsène Lupin, eftir Maurice Leblanc. Hægt er að heimsækja Le Clos Lupin, hús Maurice Leblanc og Aygues-kastalann. Einnig er yfirbyggðri markaðurinn í bænum heimsóknar virði.

Gist á Hotel Dormy House<sup>3\*</sup> í Étretat. Sameiginlegur kvöldverður (innifalinn).

## Mánudagur 30. september | Eplarækt og víkingar

Heimsókn til eplaræktanda, La Ferme de Billy, sem framleiðir hinar ýmsu afurðir úr eplum. Við skoðum epla-aldingarðinn og kynnumst framleiðslu á síder, auk þess sem við smökkum á afurðunum. Hægt er að skoða sig um og kaupa afurðir svæðisins. Möguleiki á hádegisverði á staðnum.



Frá eplaræktendanum er haldið til Bayeux., þar sem við skoðum Bayeux refileinn og safn tileinkað Vilhjálmi sigursæla. Vilhjálmur var afkomandi víkingahöfðingjans Göngu-Hrólf, sem var fyrsti jarlinn yfir Rouen og Normandí í byrjun 10.

aldar. Vilhjálmur er þekktur fyrir innrás Normanna til Englands árið 1066 og sýnir refileinn söguna af sigri hans á Engelsöxum og setu hans á konungsstóli Englands. Hljóðleiðsögn (innifalin í aðgangseyri) er möguleg á þýsku, dönsku, norsku, sænsku og ensku.

Eftir Bayeux er farið til Paimpol, með viðkomu í Cap Fréhel, sem er einn fallegasti staðurinn við strandlengjuna milli Saint-Malo og Paimpol.

Svæðið er friðland, með 70 m háum klettum sem bjóða upp á gott útsýni á fuglalífið. Svæðið er alls um 400 ha af litríku heiðalandslagi, með þyrnirunnum, geldinga-hnapp og beitleyngi. Um svæðið liggja margar gönguleiðir og þar er viti, byggður á 5. áratugnum sem er einn sá hæsti í Evrópu—103 metrar.



Haldið til Paimpol þar sem gist verður næstu þrjár nætur á Hotel Les Hauts de Kerano<sup>3\*</sup>. Sameiginlegur kvöldverður (innifalinn). <https://les-hauts-de-kerano.com/>

## **Þriðjudagur 1. október | Tengsl franskra sjómanna við Íslandsstrendur**

Frjálst tími fyrir hádegi. Á hverjum þriðjudagsmorgni er bændamarkaður í miðbænum þar sem má finna grænmeti, ávexti, fisk, kjöt, handgerða osta, safa og drykki og aðrar staðbundnar vörur og handverk. Gaman getur verið að ganga um þröngar miðaldagötur miðbæjarins og kíkja í búðir eða á söfn. Einnig er hægt að skoða ýmsar gerðir báta í höfninni. Það eru margir veitingastaðir í miðbænum og við höfnina sem bjóða upp á nýveiddan fisk og góðan hefðbundinn franskan og bretónskan mat.

Eftir hádegið eigum við svo fund með Grunda.Pol félaginu, sem er vinabæjarfélag Paimpol og Grundarfjarðar. Félagið fagnar 20 ára vinabæjarsambandi við Grundarfjörð í ár, en allt frá stofnun félagsins hefur



það haft það markmið að viðhalda og styrkja tengsl Paimpol við Íslands. Paimpol var áður heimahöfn margra fiskiskipa sem sigldu til Íslands, frá 16. öld fram til byrjun 20. aldar. Í dag eru þeir sjómenn frá Paimpol sem fóru til þorskveiða við Íslandsstrendur kallaðir Íslendingar og mikil menningarleg og söguleg tengsl við landið.

Grunda.Pol mun taka á móti okkur og fara með okkur til Ploubazlanec í heimsókn á *Musée Mémoire d'Islande* safnið sem er tileinkað þessari sögu. Safnið hefur verið í umsjón samtakanna Plaeraneq Gwechall í yfir 30 ár og munu þau opna safnið sérstaklega fyrir okkur.

Kvöldverður á  
*Restaurant du Port* .  
Gisting á Hotel Les  
Hauts de Kerano<sup>3\*</sup> .



## Miðvikudagur 2. október | Skógar Paimpol svæðisins



Haldið til Pleubian, þar sem við hittum tvo eigendur „örskóga“, gróðursetta samkvæmt hinni svokölluðu Miyawaki aðferð. Skógurinn hefur dafnað vel og búið er að gróðursetja margar

trjategundir sem mynda fjölbreyttan skóg. Þau munu segja okkur frá aðferðinni, trjánum sem sett hafa verið niður og framtíðaráformum.

Við heimsækjum Beauport klaustrið og friðlýstan strandskóg í útjaðri Paimpol. Hópnunum verður skipt í tvo holl. Annað holtið fer í um klukkutíma langa skógargöngu undir leiðsögn skógarvarðar til að fræðast um umsýslu skógarins og strandarinnar. Við munum fræðast um algengar trjategundir sem vaxa á svæðinu, dýralífið og þær áskoranir sem fylgja skógum nálægt sjó. Hitt holtið heimsækir klaustrið og fær leiðsögn um sögu þess, sem spannar ein 800 ár. Svo er hollunum víxlað. Hægt er að fá sér kaffihressingu í klaustrinu.

Sameiginlegur  
kvöldverður (innifalinn).  
Gisting á Hotel Les  
Hauts de Kerano<sup>3\*</sup>.



### Fimmtudagur 3. október | Lauf- og barrskógar í Finistère

Heimsókn í Menez Meur, sem er hluti Armorique verndarsvæðisins auk þess að vera skráður jarðvangur hjá Sameinuðu þjóðunum. Menez Meur lýtur stjórn sýslumanns Finistère—héraðsins og snýst um varðveislu bretónskrar náttúru og menningar. Við munum fá fræðslu um svæðið, helstu verkefni og stjórnun, skóga og lífbreytileika. Menez Meur er einnig með tilraunabú þar sem áhersla er á varðveislu staðbundinna búfjárkynja, auk viðhalds á villtum stofnum svo sem dádýrum og úlfum.



Næst á dagskrá er fundur með félagi skógareigenda í Finistère-héraðinu, en skógar á svæðinu eru að mestu í einkaeigu. Við hittum fulltrúa frá CNPF

(landsmiðstöð skógareigenda) og FranSylva (landssamtökum franskra skógareigenda). Skoðaðir verða skógar með sitkagreni og degli og fræðst um áhrif loftslagsbreytinga á þá, plágur og storma, auk þeirra áskorana sem fylgja skógareign í Frakklandi og Bretaníu sérstaklega.

Haldið til Quimper þar sem gist verður á Hotel Mercur Quimper Centre<sup>4\*</sup>. Sameiginlegur kvöldverður (innifalinn). <https://all.accor.com/hotel/1421/index.en.shtml>



## Föstudagur 4. október | Skógrækt í Ille-et-Villaine sýslu

Dagurinn byrjar á heimsókn til Brocéliande skógarins í Illes-et-Villaine sýslu. Brocéliande er einn vinsælasti skógur Bretaníu og einn sá stærsti, en skógurinn er að mestu í einkaeigu. Hann tengist sögunni um Artúr konung, sverðið Excalibur og Merlín galdramann. Við munum kynna þýðingu skógarins í keltneskri menningu og sögu, auk þess að fræðast um stjórnun svæðisins og möguleikum þess til framleiðslu timburs.



Frá Brocéliande höldum við í heimsókn til ríkisskógræktarinnar í Rennes. Hér má helst finna laufskóga beykis og eika, í bland við strandfuru. Við fáum fræðslu um helstu markmið og verkefni stofnunarinnar, meðal annars hvað varðar aðgengi almennings og viðbrögð við loftslagsbreytingum.



Gist verður á Hotel Ibis Rennes Centre Gare Sud DM<sup>3\*</sup>. Sameiginlegur kvöldverður (innifalinn). <https://all.accor.com/hotel/3450/index.en.shtml?>

## Laugardagur 5. október | Perche þjóðgarðurinn og trjásafnið í Versölum

Dagurinn byrjar á heimsókn í Perche garðinn og Courboyer herragarðinn, sem byggður var á 15. öld. Við munum fræðast um náttúruna, skóga, dýr og matarhefðir Perche-svæðisins. Í garðinum má finna margar tjamir, býflugnabú, asna og hið fræga Percheron hestakyn, auk áhugaverðra trjáa. Hægt er að kaupa staðbundinn mat og handverk.



Frá Perche er haldið til Parísar þar sem við munum heimsækja Chèvreloup trjásafnið í Versölum, eitt stærsta trjásafn Frakklands, sem skipulagt er eftir heimsálfum og þar verður gefinn frjálstími.

Trjásafnið hýsir hundruðir mismunandi trjategunda frá öllum heimshornum og má þar finna lundi ýmissra áhugaverðra trjategunda, svo sem atlassedrus, eika og apahrellis, auk beykitrjáganga og asískan garð.

Gisting á Ibis Versailles Château<sup>3\*</sup>. Sameiginlegur kvöldverður (innifalinn). <https://all.accor.com/hotel/1409/index.en.shtml>

## Sunnudagur 6. október | Versalir og heimferð

Deginum er varið í heimsókn til Versala og garðsins þar. Við byrjum fyrir hádegi á heimsókn í höllina í Versölum sem Loðvík fjórtándi byggði til að hýsa hirð sína á 17. öld og var hún aðsetur Frakklandskonunga fram að frönsku byltingunni í lok 18. aldar. Meðal þess sem skoðað verður eru hóbýli konungs og drottningar, skrifstofur, leikherbergi og að sjálf-sögðu hinn þekkti speglasalur, en alls eru um 2.300 herbergi í höllinni.

Eftir hádegið skoðum við garðinn við Versali sem hefur haft mótandi áhrif á uppbyggingu garða í Frakklandi með sína mörgu tilkomumiklu gosbrunna og síki. Í garðinum má einnig finna ýmsar byggingar eins og Petit Trianon höllina. Frjáls tími til göngu í garðinum.

Brottför til Charles de Gaulle flugvallar og flug til Keflavíkur með flugi FI 541 kl. 22:00. Áætluð landing kl. 23.55 að íslenskum tíma.

